

Fólk þarf hjálp við að opna reikninga

Starfsmenn Geðhjálpur þurftu að taka við fjölda símtala þar sem fólk var í sjálfsvígshugleiðingum frá janúar og fram í apríl. Tvöfalt fleiri leituðu aðstoðar samtakanna á tímabilinu miðað við sama tíma í fyrra. Dæmi eru um að fólk þurfi aðstoð við að opna reikninga. Sérfræðingar sem DV leitaði til óska eftir mannúðlegum aðferðum við innheimtu skulda og að tekið sé tillit til fjölskylduaðstæðna.

Frá janúar og fram í apríl 2010 tók ráðgjafi Geðhjálpur við fjölda símtala þar sem fólk var í sjálfsvígshugleiðingum. Þessa mánuði fjölgaði þeim sem leituðu aðstoðar Geðhjálpur vegna geðrænna vandamála um meira en hundrað prósent. Þessi vandamál mátti

mjög oft rekja til versnandi skuldastöðu, atvinnumissis og hlutverkamissis. Í hópnum fækkaði körlum hlutfallslega miðað við konur.

Samkvæmt sálfræðirannsóknnum hefur reynslan sýnt að karlar leiti sér síður aðstoðar þegar geðheilbrigði er annars vegar og hafa frekar fordóma gagnvart þeim sem eiga erfitt andlega. Sérstaklega hefur orðið vart við aukið þunglyndi og kvíða meðal fólks í vetur í kjölfar atvinnumissis og versnandi efnahagsástands.

Samkvæmt upplýsingum frá Geðhjálp eru allnokkur dæmi um að fólk hafi verið svo kvíðið að það

hafi ekki þorað að opna reikninga. Því vex svo í augum hvað það skuldar að það sér ómögulega fram á hvernig það geti borgað reikninga. Þetta fólk hefur sumt hvert þurft andlegan stuðning til að opna

reikningana. Fólk hefur fengið aðstoð við að forgangsráða sínum málum og greiða það allra nauðsynlegasta. Þar hefur komið fyrir að reikningar hafi staðið óopnaðir hjá fólki í marga mánuði.

Hannes J. Eðvarðsson, ráðgjafi hjá Geðhjálp, segist oft verða var við að það vanti mannlega þáttinn í

innheimtuaðgerðir lánastofnana og fjármögnunarfyrirtækja.